

VEISTU SVARIÐ?

Valverkefni
Einstaklingsverkefni

Hvað vitum við, hvað viljum við vita & hvað þurfum við að vita?

.....

Viðmið um árangur:

- Ég get aflað mér upplýsinga um helstu orkugjafana.
- Ég get aflað mér upplýsinga á netinu um ákveðin málefni.
- Ég get sagt frá ákveðnum atriðum í tengslum við áhrif mannsins á náttúruna.

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og rætt um markmið til umbóta.



Í þessu verkefni átt þú að svara 7 spurningum. Spurningarnar sérðu hér að neðan en svörin finnur þú til dæmis í bókinni Um víða veröld-jörðin (getur hlustað hér). Einnig getur þú leitað að upplýsingum á netinu.

Mikilvægt er að vanda svörin.

1. Nefndu **alla** endurnýjanlegu orkugjafana og segðu frá hver er algengastur á Íslandi.
2. Hver er **munurinn** á endurnýjanlegum og óendurnýjanlegum orkugjöfum?
3. Hvernig getum við sparað orku? Nefnið minnst **fimm** atriði.
4. Hverjar eru **helstu** auðlindirnar?
5. Hver er **aðal** ástæðan fyrir eyðingu regnskóganna?
6. Segðu frá því sem hefur gerst **í kringum** Aralvatn.
7. Af hverju eru jöklarnir á Íslandi að hropa? Lýstu því hvað hefur gerst.

Afurð: Vel uppsett Docs skjal.